

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 6/1996 um útgáfu húsbrefa á árinu 1996 fyrir
Byggingarsjóð ríkisins, húsbrefadeild.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Ríkisstjórnin hefur ákveðið, á grundvelli laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993, með síðari breytingum, að Byggingarsjóður ríkisins, húsbrefadeild, gefi út 1., 2. og 3. flokk húsbrefa 1996. Samanlögð fjárhæð húsbrefa í flokkunum, skal vera að hámarki 28.500 milljónir króna á árinu 1996 og 1997. Húsbrefin í hverjum flokki skulu gefin út í þremur undirflokkum A, B og C. Í undirflokki A skal hvert húsbref vera að fjárhæð 1.000.000,00 kr., í undirflokki B 100.000,00 kr., í undirflokki C 10.000,00 kr. Vextir í 1., 2. og 3. flokki 1996 eru 4,75% á ári. Lánstími brefa í 1. flokki skal vera 15 ár, í 2. flokki 25 ár og í þriðja flokki 40 ár.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 118. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993, sbr. lög nr. 12 /1994, nr. 58/1995 og nr. 150/1995, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. febrúar 1997.

Páll Pétursson.

Ingi Valur Jóhannsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.